

## 1. Fundur byggingarnefndar um menningarsal Suðurlands. Haldinn 17.ágúst að Austurvegi 67

Mætt: Guðbjörg jónssdóttir, Tómas Ellert Tómasson, Kjartan Björnsson, Bragi Bjarnason og Sigurður Ólason frá Árborg og Ari Guðmundsson frá Verkís

Baldur Guðmundsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu boðaði forföll

Guðbjörg Jónsdóttir opnar fundinn og fer yfir stöðu mála og hvað hafi gerst hingað til.

Guðbjörg leggur til að nefndin óski eftir erindisbréfi frá bæjarráði til að verkefni nefndarinnar sé skýrt frá hendi Sveitarfélagsins Árborgar. Allir samþykkir því

Ari fer yfir hver næstu skref gætu verið og nefnir verkþætti, hagsmunaaðilar, hverjar eru væntingarnar, markmið á hverjum tímapunkti og fleira. Margar ákvarðanir sem þarf að taka sem varðar stefnumörkun menningarsalarins þegar hann er komin í rekstur og mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim strax í upphafi. Ramma inn alla þessa þætti svo næstu skref séu skýr þegar kemur að útboði um hönnun.

Kjartan nefnir að horfa verði til þess að gera salinn sem veglegastan svo hann geti þjónað sem flestum sem menningarsalur Suðurlands.

Ari leggur til að hópurinn fari og skoði nokkur sambærileg hús til að geta fengið meiri upplýsingar og upplifun af notkun þeirra. Allir sammála því og nefnir Ellert að Hof á Akureyri sé með sambærilegan sal af stærð og fjölda í hallandi sætum sem væri áhugavert að skoða. Ari bætir við að kannski ættu einhverjir hagsmunaaðilar að koma með í slíka ferð.

Rætt um mögulega hagsmunaaðila og Hótel Selfoss nefnt sem er stór hagsmunaaðili vegna staðsetningar menningarsalarins og mögulegrar aðkomu að framtíðarrekstrinum. Ari nefnir að mikilvægt sé að hlutverk þeirra sé skýrt í ferlinu svo allir stefni í sömu átt.

Skoða þarf hvernig eignaskiptasamningurinn sé fyrir salinn og húsnæði hótelsins ásamt ákveðnum lögfræðiatríðum sem þarf að skoða. Braga falið að skoða það fyrir næsta fund og ræða við Helgu Maríu. Einnig að stofna vinnusvæði fyrir nefndina til að geyma skjöl og halda utan um samskipti hópsins.

Ákveðið að hafa fasta fundartíma fyrir nefndina á mánudögum kl. 8:30 næstu vikunnar til að vinna málið áfram. Næstu fundur er því mánudaginn 24.ágúst 2020 að Austurvegi 67. Bragi boðar fundinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00